

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu svæðisskipulags Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. apríl 2003 staðfest niðurfellingu svæðisskipulags Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015 frá 17. desember 1996.

Svæðisskipulag alls lands Grímsnes- og Grafningshrepps og fyrrum Þingvallahrepps neðan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 er í heild sinni fellt úr gildi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 28. apríl 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisstofnun þann 28. apríl 2003 staðfest aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sogsfoss 1989-2009 frá 21. maí 1990 og aðalskipulag Borgar í Grímsnesi 1989-2009 frá 21. maí 1990, með síðari breytingum.

*Umhverfisstofnun, 28. apríl 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*